

## 71. fundur

28. ágúst 2018

1002008SA BOH

Málalykill: 16.34

### Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum

71. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn þriðjudaginn 28. ágúst 2018 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 14:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal, Guðbjörg Sigurjónsdóttir og Oddur Jakobsson. Af hálfu SNS mættu, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

#### 1. Vegna breytinga á grein 1.4.5 í kjarasamningi um útibú/starfsstöð frá skóla.

Í kjarasamningi aðila með gildistíma frá 1. apríl 2018 – 31. mars 2019 var gerð breyting á grein 1.4.5 Útibú frá skóla. Fyrir breytingu hljóðaði greinin svo:

*„Hafi skólastjóri umsjón með útibúi frá skóla sem rekið er í öðru byggðarlagi tekur hann röðun einum launaflokki ofar en ella. Ef um fleiri en eitt útibú er að ræða og vegalengdir miklar skal um það fjallað í samstarfsnefnd.“*

Samkvæmt eldra ákvæði sem gildi til 31. júlí 2018 gátu skólastjórar því fengið meira en einn launaflokk vegna útibúa. Eftir að breyting var gerð á grein 1.4.5 er að hámarki greiddur einn launaflokkur vegna útibúa/starfsstöðva.

#### Niðurstaða:

Þeir skólastjórar sem höfðu tvo launaflokka vegna útibúa samkvæmt grein 1.4.5 eins og hún hljóðaði í kjarasamningi aðila fyrir 1. ágúst 2018 skulu halda þeim launaflokkum meðan sami aðili gegnir stöðunni og útibú eru fleiri en eitt. Ákvörðunin nær einungis til starfsheita skólastjóra tónlistarskóla en ekki aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra í tónlistarskólum.

#### 2. Launaþróun FT samanborið við önnur aðildarfélög KÍ sem semja við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Að ósk FT var rætt um launaþróun félagsmanna FT samanborið við launaþróun annarra aðildarfélaga KÍ sem semja við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fundi slitið klukkan 14:55.